



ABSTRACT

Great changes have taken place in lifestyle, opinion and in work practices during the last decades. Training and teaching methods have not changed as quickly as changes in society in general but we are driven to find and use new

methods that will prepare us as well as possible to meet the challenges of the new era. It comes as no surprise that accelerated learning methods enjoy the attention and interest of those who deal with training.

ÁSMUNDUR S. HILMARSSON

LEIKUR AÐ TÖLUM

Markhópur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er um 63.000 manns. Nálægt 29.000 manns eru á aldrinum frá þrítugu að sextugu og í fullu starfi.

Markhópur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er fólk á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, sem hefur horfið frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendur og aðrir sambærilegir hópar.

Grunnmenntun er hugtak sem í vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar merkir grunnskólamenntun eða þaðan af minni menntun. Auk grunnskólamenntunar telst unglingapróf, grunnskólapróf eða miðskólapróf þ.m.t. landspróf. Einnig gagnfræðapróf eða eins árs nám úr framhaldsdeild gagnfræðaskóla. Ennfremur starfsmenntun á námskeiðum sem eru 100 kennslustundir hið minnsta en minna en einu skólaári.

Vinnuafli er fólk á aldrinum 16-74 ára sem er í vinnu eða skráð atvinnulaust. Árið 2005 var vinnuaflið 165.600 manns (Hagstofa Íslands, árstölur 2005). Af þeim áætla ég að 63.000 hafi eingöngu grunnmenntun (Landshagir, 2005). Þennan hóp tel ég vera stærsta mögulega markhóp Fræðslumiðstöðvarinnar árið 2005.

Innflytjendur teljast erlendir ríkisborgarar með lögheimili hér á landi. Árið 2005 voru þeir um það bil 13.800, langflestir með pólskt ríkisfang (3.221). Í kjölfar þeirra fylgja Danir (903), Þjóðverjar (781) og þar á eftir þeir sem eru með

ríkisfang á Filippseyjum (771) (Hagstofa Íslands, 31/2006).

Starfandi eru þeir sem hafa unnið eina klukkustund eða lengur í viðmiðunarvikunni eða verið fjarverandi frá starfi sem þeir gegna að öllu jöfnu. Árið 2005 voru 164.880 manns í þessum hópi. Af þeim voru 155.870 með íslenskt ríkisfang en 9.010 með erlent ríkisfang (Hagtíðindi, 2006:2). Af þeim má ætla að um 61.000 manns hafi grunnmenntun.

Nú ætla ég að gefa mér að þeir sem eru á aldrinum 30-59 ára, í fullu starfi og hafa eingöngu grunnmenntun séu sá hluti markhóps Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem líklegastur er til þess að hafa hug á að sækja námsskeið. Til þess að geta mér til um stærð hópsins nota ég tölur Hagstofunnar um fjölda starfandi á þessum aldri, hlutfalls-tölur þeirra sem eru í fullu starfi auk þess sem ég áætla að 35% þeirra hafi ekki lokið framhaldsskóla. Þá verður niðurstaða mín að hópurinn hafi árið 2005 verið tæplega 29.000 manns.

HEIMILDIR

Hagstofa Íslands. Atvinnuþátttaka, atvinnuleysi, vinnutími og fjöldi starfandi - árstölur 1991-2005

Hagstofa Íslands. (2005). Landshagir. Tafla 3.3. Mannfjöldi 16-74 ára eftir stöðu á vinnumarkaði, kyni og menntun 1991-2003

Hagstofa Íslands. (2006). Fréttir nr. 31

Hagstofa Íslands. (2006). Hagtíðindi:2.